

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 — 1978

22. apríl 1978.

263

Nr. 156.

AUGLÝSING

um almennar reglulegar kosningar til Alþingis 25. júní 1978.

Samkvæmt 57. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis skulu almennar reglulegar kosningar til Alþingis fara fram 25. júní 1978.

Samkvæmt 1. málsgr. 19. gr. kosningalaganna skulu sveitarstjórnir hafa lagt kjörskrár fram eigi síðar en 25. apríl næstkomandi, og skulu kjörskrár liggja frammi til 23. maí næstkomandi. Með heimild í 2. málsgr. 19. gr. laganna er hér með ákveðið, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningarnar verði lagðar fram.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. apríl 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

25. apríl 1978.

Nr. 157.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 231.

26. maí 1977.

5 gr. hljóði þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 26 913 á ári fyrir hvert hús.
- b) Vatnsgjald kr. 113 á ári pr. m³. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og véla-geymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. 7. gr. hljóði þannig:

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 300 m³ kr. 100 560.

Hús 300—2000 m³ kr. 100 560 fyrir 300 m³ og kr. 88.00 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 249 250 fyrir 2000 m³ og kr. 66.00 hvern rúmmetra

þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheml umfram einn á sama inntaki er kr. 15 525.

11. gr. hljóði þannig:

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

B 35